

Ákvörðun um málskostnað verður tekin í síðari þætti þessa máls.

**Dómsorð:**

1. Uppsögn Hótel Sögu 25. maí s.l. á starfi Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar var ólögmat.
  2. Stefndi, Hótel Saga, á að vera sýkn af refsikröfu stefnanda í máli þessu.
- 

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 5/1966. **Alþýðusamband Íslands f. h. Starfsstúlkna-  
félagsins Sóknar vegna Málfríðar Steinsdóttur**  
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)

gegn

**Stjórn ríkisspítalanna**

(Haukur Jónsson hrl.).

**Dómarar:**

Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Ágreiningur um ákvæði kjarasamnings um orlof og aukafrídaga.

**Dómur.**

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 17. okt. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Málfríðar Steinsdóttur gegn stjórn ríkisspítalanna til greiðslu launa (orlofsfjár) að upphæð kr. 6.240.00 auk vaxta frá 16. maí 1964 og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara, að sér verði aðeins dæmt að greiða stefnanda kr. 4.237.20. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 4. gr. 1 í kjarasamningi, dags. 13. júlí 1961, milli stjórnarnefndar ríkisspítalanna o. fl. og Starfsstúlkna-félagsins Sóknar í Reykjavík, skulu stúlkur, sem unnið hafa 4 ár eða lengur og taka fri frá störfum vegna barnsburðar, fá „þriggja mánaða leyfi frá starfi á fullu kaupí“. Hinn 16. febrúar 1964 fór Málfríður Steinsdóttir, sem þá starfaði á Vífilstaðahæli og með starfskjörum samkvæmt nefndum kjarasamningi, í leyfi vegna barnsburðar. Hafði hún þá unnið hjá stefnda í 50 mánuði og þar með öðlazi rétt til leyfis samkvæmt ofangreindu samningsákvæði. Málfríður fékk kaup greitt í 3 mánuði, til 16. maí 1964, en kom þá ekki aftur til starfa hjá stefnda. Málfríður sagði eigi heldur upp starfa sínum, en samkvæmt 5. gr. nefnds kjarasamnings, er gagnkvæmur uppsagnarfrestur  $1\frac{1}{2}$  mánuður, þegar um fasta-fólk er að ræða, svo sem var um Málfríði samkvæmt 1. mgr. 4. gr. oftnefnds samnings, en eigi er fram komið, að hún hafi verið ráðin til ákveðins tíma.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, er orlofsár hjá stefnda talið frá 1. júní ár hvert til jafnlengdar næsta ár, en eftir 4. gr. 2 í kjarasamningi aðilja eiga starfsstúlkur, sem unnið hafa í 4 ár, rétt til 19 virkra daga orlofs. Þá eiga starfsstúlkur, sem vinna á helgidögum þjóðkirkjunnar, öðrum en sunnudögum, svo og sumardaginn fyrsta, 1. maí og 17. júní, að fá 11 aukafriðaga til viðbótar sumarleyfi sínu miðað við ársstarf.

Að sögn stefnda krafði Málfríður Steinsdóttir hann um ógildið orlof fyrir orlofsárið frá 1. júní 1963, einhvern tíma um mánaðamótin maí—júní 1964. Kveður hann, að þeirri kröfu hennar hafi verið synjað m. a. á þeim grundvelli, að hún hafi farið úr þjónustu stefnda, án þess að segja upp starfi sínu og þá ekki heldur gætt ákvæða framangreindrar 5. gr. kjarasamningsins um uppsagnarfrestinn. Málfríður hafi þá hinn 8. júní 1964 afhent svohljóðandi uppsögn:

„Þar sem ég hefi ekki ástæður til að byrja aftur að vinna, segi ég upp starfi mínu að Vífilstöðum, 8/6 1964“.

Stefndi neitaði Málfríði eigi að síður um greiðslu orlofsfjár.

Hefur stefnandi nú höfðað mál þetta til greiðslu þess or-

lofsfjár, er hann telur Málfríði eiga hjá stefnda og gerir þær dómkröfur, sem áður greinir.

Kröfu sína styður stefnandi þeim rökum, að þar sem Málfríður hafi samkvæmt ákvæðum 4. gr. 1 í framangreindum kjarasamningi átt rétt til leyfis vegna barnsburðar síns „á fullu kaupí“, eigi hún í fyrsta lagi rétt til orlofsfjár fyrir orlofstímabilið 1. júní 1963 til 16. maí 1964 og þá einnig rétt til launa fyrir þá aukafrídaga alla, sem um ræði í 4. gr. 2 sama kjarasamnings. Verði orlofsdagar Málfríðar samkvæmt þessu 19 auk 11 aukafrídaga, eða alls 30 dagar. Svári ógöldið orlof hennar þannig til eins mánaðar kaups, og við það sé dómkrafan miðuð.

Stefndi byggir sýknukröfu sína hins vegar á því, að Málfríður hafi hvorki komið aftur til starfs síns að loknu leyfi vegna barnsburðar síns né heldur sagt upp starfi sínu með samningsbundnum uppsagnarfresti, meðan hún enn var í starfi, en það hefði henni tvímælalaust borið að gera, ef hún ætlaði að hætta störfum hjá stefnda. Hafi hún eigi sagt upp starfi sínu fyrr en 8. júní 1964 eða tæpum mánuði eftir að barnsfararleyfi hennar lauk. Með þessu háttalagi hafi hún gerzt brotleg við ákvæði gildandi kjarasamninga og hafi sér því verið óskyldt að greiða henni orlofsfé í einn mánuð til viðbótar þeim þremur mánuðum, sem hún hefði þegar fengið kaup fyrir, meðan á barnsburðarleyfi hennar stóð. Þá hefur stefndi sérstaklega mótmælt því, að Málfríður eigi rétt til aukafrídaga og orlofs fyrir þann tíma, er hún var í leyfi vegna barnsburðarins.

Stefnandi hefur mótmælt því, að það skipti nokkru máli um orlofsrétt Málfríðar, þótt hún segði eigi upp starfi, meðan hún starfaði enn hjá stefnda, eða kæmi ekki aftur í þjónustu hans að barnsburðarleyfi hennar liðnu.

#### Afstaða dómsins.

Málfríður Steinsdóttir hafði, eins og áður er rakið, starfað full 4 ár í þjónustu stefnda, þegar hún fékk barnsburðarleyfi sitt hinn 16. febrúar 1964, en til slíks leyfis átti hún rétt samkvæmt 5. mgr. 4. gr. þágildandi kjarasamnings málsaðílla frá 13. júlí 1961. Hún fékk kaup greitt fyrirvaralaust til loka leyfistíma samkvæmt nefndu samningsákvæði og

hefur eigi af hálfu stefnda verið krafizt endurgreiðslu á þeirri þriggja mánaða kaupgreiðslu. Telst þessi leyfistími Málfríðar til starfstíma þegar ákveða skal orlof hennar orlofsár það, sem byrjaði að líða 1. júní 1963, sbr. 3. gr. laga nr. 16/1943, og hafði hún þannig hartnær fyllt orlofsár sitt hinn 16. maí 1964. Orlofsdagar stúlku með hennar starfsaldri eru samkvæmt 4. gr. 2 nefnds kjarasamnings 19 virkir dagar á ári, og átti Málfríður því rétt til orlofs þann dagafjölda, þar sem miða ber við heilan dag í þessu sambandi, samkvæmt 3. gr. orlofslaganna. Þá átti hún einnig samkvæmt 2. málsgr. nefnds kjarasamnings rétt til 5 aukafrídaga á tímabilinu frá 1. júní 1963 til 16. febrúar 1964 vegna vinnu á öðrum helgidögum Þjóðkirkjunnar en sunnudögum (2. í hvítasunnu, jóladagur, 2. jóladagur, nýjársgdagur og 17. júní).

Hins vegar verður eigi talið, að Málfríður eigi rétt til aukafrídaga vegna helgidaga, annarra en sunnudaga, sumardagsins fyrsta og 1. maí á leyfistímabili hennar frá 16. febrúar til 16. maí 1964, sbr. ákvæði 2. mgr. 2, 4. gr. ofanefnds kjarasamnings, er segir: „starfsstúlkur er vinna o. s. frv. ...“, enda hefur stefndi mótmælt rétti Málfríðar til aukafrídaga á því tímabili og eigi er fram komið, að það sé viðtekin venja í samskiptum málsaðilja, að aukafríðagar séu veittir vegna helgi- eða frídaga, er til falla á barnsfararleyfistíma.

Svo sem fram kemur af áður sögðu, gætti Málfríður eigi ákvæða 5. gr. kjarasamningsins um uppsagnarfrest, er hún fór úr þjónustu stefnda. Hefur hann af þeim sökum talið hana bótaskylda gagnvart sér. En þar sem stefndi hefur hvorki haft uppi gagnkröfu um ákveðna bótafjárhæð né heldur krafizt dómsviðurkenningar á tiltekinni skaðabótafjárhæð úr hendi Málfríðar, verður eigi dæmt um þetta atriði í þessu máli.

Samkvæmt þessari niðurstöðu átti Málfríður alls rétt til orlofsfjár og greiðslu fyrir 24 orlofs- og aukafrídaga úr hendi stefnda, en dagkaup hennar var samkvæmt skýrslu stefnda, sem leggja verður til grundvallar, kr. 256.80. Ber stefnda þannig að greiða henni kr. 6.163.20 með 7% ársvöxtum frá 8. júní 1964 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

**Dómsorð:**

Stefndi, Stjórnarnefnd ríkisspítalanna, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands f. h. Starfsstúlknafélagsins Sóknar vegna Málfríðar Steinsdóttur, kr. 6.163.20 með 7% ársvöxtum frá 8. júní 1964 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 15. marz 1967.

Nr. 6/1966.

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

gegn

**Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h.**

**Póstmannafélags Íslands**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

**Dómarar:**

Hákon Guðmundsson, Einar Arnalds, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Jón Finnsson.

Skorið úr ágreiningi um yfirvinnu póstmanna samkvæmt úrskurði Kjaradóms.

**Dómur.**

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. des. f. á., af fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Póstmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að póstmönnum, þ. e. félögum í Póstmannafélagi Íslands, sé skylt að vinna yfirvinnu í samræmi við ákvæði 31. gr. laga nr. 38 frá 14. apríl 1954, sbr. 9. gr. reglna um vinnutíma ríkisstarfsmanna o. fl. í dómi Kjaradóms, uppkveðnum 30. nóv. 1965.